

Nd.

103. Frumvarp til laga

[93. mál]

um breyting á lögum nr. 68 frá 11. maí 1966, um iðnfræðslu.

Flm.: Karvel Pálmason.

1. gr.

12. gr. laganna orðist svo:

Iðnskólar skulu vera minnst einn í hverju skólaumdæmi landsins, þeirra er nú eru, svo og starfandi skólar með minnst 60 nemendum, er lög þessi taka gildi. Skulu skólaumdæmi vera sem hér segir:

1. Borgarfjarðarsýsla, Akraneskaupstaður, Mýrasýsla, Snæfellsnes- og Hnappadals-sýsla og Dalasýsla.
2. Barðastrandarsýslur.
3. Vestur-Ísafjarðarsýsla, Bolungarvíkurkaupstaður, Ísafjarðarkaupstaður, Norður-Ísafjarðarsýsla og Strandasýsla.
4. Vestur-Húnavatnssýsla, Austur-Húnavatnssýsla, Skagafjarðarsýsla, Sauðárkrókskaupstaður og Siglufjarðarkaupstaður.
5. Eyjafjarðarsýsla, Akureyrarkaupstaður, Dalvíkurkaupstaður, Ólafsfjarðarkaupstaður, Suður-Þingeyjarsýsla, Húsavíkurkaupstaður og Norður-Þingeyjarsýsla.
6. Norður-Múlasýsla, Seyðisfjarðarkaupstaður, Suður-Múlasýsla, Neskaupstaður, Eskifjarðarkaupstaður og Austur-Skaftafellssýsla.

7. Vestur-Skaftafellssýsla, Vestmannaeyjakaupstaður, Rangárvallasýsla og Árnes-sýsla.
8. Gullbringu- og Kjósarsýsla, Hafnarfjarðarkaupstaður, Keflavíkurkaupstaður, Grindavíkurkaupstaður, Kópavogskaupstaður og Seltjarnarneskaupstaður.
9. Reykjavíkurborg.

Ráðherra getur, að fengnum tillögum iðnfræðsluráðs, gert breytingar á skólaumdæmum. Ráðherra ákveður skólasetur, að fengnum tillögum iðnfræðsluráðs og sýslunefnda og bæjarstjórna í hlutaðeigandi skólaumdæmi. Skal að jafnaði ákveða skólasetur þar, sem nemendafjöldi er mestur innan hvers skólaumdæmis.

Iðnskólar veita fræðslu nemendum, sem iðnmeistarar og iðnfyrirtæki hafa tekið til iðnnáms samkvæmt lögum þessum, og svo nemendum, er verklegt nám stunda í verknámsskólum eða öðrum skólavinnustöðvum, eftir því sem við á og ákveðið verður í reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta felur í sér breytingu á skiptingu landsins í iðnskólaumdæmi á þann veg, að Barðastrandarsýslur verði sérstakt skólaumdæmi, og er þá haft í huga, að skólasetur verði á Patreksfirði. Jafnframt er lagt til, að hafa skuli minnst einn iðnskóla í hverju skólaumdæmi, en það er bundið við einn skóla í núgildandi lögum.

Iðnaðarmannafélagið á Patreksfirði stofnaði iðnskóla þar í janúar 1942 og starfar hann enn. Fram til ársins 1972 höfðu 137 innritast í skólann, en 91 lokið prófi, og stafar mismunurinn af því, að sumir nemendur luku ekki námi við skólann. Margir þeirra héldu áfram námi við aðra iðnskóla. Skólinn hefur haft aðsetur í litlu leiguhúsnæði og hefur það leitt til takmörkunar á nemendafjölda, en innritunarár hafa aðeins verið 13 og brautskráningarár 11 á þessu tímabili. Skólinn hefur samt sem áður getað sinnt að mestu leyti þörfum þorpisins fyrir iðnfræðslu, þótt sumir hafi orðið að leita annað. Þeir hafa undantekningarlaust farið í iðnskólann í Reykjavík.

Hætt er við, að iðnskólinn á Patreksfirði muni hætta starfsemi í náinni framtíð vegna fjárhagserfiðleika, ef hann hlýtur ekki viðurkenningu sem skólasetur samkvæmt iðnfræðslulögum. Með samþykkt þessa frumvarps skapast grundvöllur til að efla iðnskólann á Patreksfirði, svo að iðnnemar á sunnanverðum Vestfjörðum neyðist ekki í framtíðinni til að leita suður til Reykjavíkur með iðnnám sitt. Almennur áhugi er á Patreksfirði á eflingu iðnskólans, og hefur stjórn sveitarfélagsins bæði gert samþykkt um málið og sent álitserð til fræðsluvalda. Einnig hefur sýslunefnd Vestur-Barðastrandarsýslu gert samþykkt um iðnskóla á Patreksfirði svo og Fjórðungsþing Vestfjarða. Þá hafa ýmsir fundir heimamanna á undanförunum árum gert samþykktir, sem allar fela í sér viljayfirlýsingar um viðurkenndan iðnskóla á Patreksfirði.

Um 1. gr.

Greinin felur í sér, að ekki verði lengur ákveðið, að einungis einn iðnskóli skuli vera í hverju kjördæmi, heldur minnst eitt skólasetur. Það, sem í gildandi lögum er hámarksákvæði, verður því lágmarksákvæði.

Jafnframt felur greinin í sér, að skólaumdæmum er fjölgað um eitt, þ. e. Barðastrandarsýslur verða sérstakt skólaumdæmi.

Um 2. gr.

Þarfnast ekki skýringa.